



Sunddeild Ármanns óskar eftir sundþjálfara

Við leitum að hressum sundþjálfurum fyrir næsta vetur, sem hafa áhuga á að starfa með börnum.

Fyrir næsta vetur leitum við að faglegum þjálfurum, sem hafa umsjón með þjálfun og skipulagningu æfinga í samræmi við hæfniviðmið viðkomandi æfingahóps og undirbúning fyrir mót í samvinnu við yfirþjálfara. Ásamt því að sjá um samskipti við sundmenn og aðstandendur. Í boði eru æfingahópar á aldrinum 5.-14. ára og sundskólahópar á aldrinum 3.-5. ára sem æfa í Árbæjarlaug, Laugardalslaug eða Sundhöllinni. Vinnutími er eftir samkomulagi, á milli kl. 15-20.30 á virkum dögum eða fyrripart laugardags. Einnig fara eldri hópar á mót og æfingabúðir sem eru um helgar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf um miðjan ágúst 2021.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna að hæfniviðmiðum æfingahóps
- Hafa umsjón með þjálfun og skipulagningu æfinga og sundmóta í samvinnu við yfirþjálfara
- Virk samskipti og upplýsingarmiðlun við sundmenn og aðstandendur

Menntunar og hæfniskröfur

- Reynsla af sundi og sundþjálfun og/eða menntun á sviði sundþjálfunar
- Góðir samskipta og skipulagshæfileikar
- Metnaður og frumkvæði
- Góð íslensku kunnátta
- Hreint sakavottorð
- Lágmarksaldur 18. ára á árinu

Frekari upplýsingar fást hjá yfirþjálfara yngri hópa, Jóhönnu Iðu á netfanginu sund@armenningar.is

Umsókn sendist með upplýsingum um menntun og fyrri störf, ásamt ósk um aldurshóp.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Upplýsingar um Sunddeild Ármanns er m.a. að finna <http://armenningar.is/sund>